

38. ársþing Blaksambands Íslands 2010

Haldið í Reykjavík 5. júní

Þinggerð

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson, býður þingfulltrúa velkomna til þings og setur þingið.

1. Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Formaður stingur upp á Hreggviði Norðdahl sem þingforseta og Sævari Má Guðmundssyni sem þingritara. Það er samþykkt einróma. Því næst felur hann þingforseta að stjórna þinginu.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

Þingforseti gerir tillögu um að sameina Laga-, leikreglna- og allsherjarnefnd í eina nefnd – enginn hefur á móti því og er það samþykkt.

- a. *Kjörbrefanefnd*, Svala Vignisdóttir stýrir henni og með henni starfa Agla Sigríður Björnsdóttir og Mundína Ásdís Kristinsdóttir.
- b. Fjárhagsnefnd, Aðalheiður Sigursveinsdóttir stýrir nefndinni.
- c. Laga-, leikreglna- og allsherjarnefnd, Stefán Jóhannesson stýrir nefndinni.
- d. Uppstillingarnefnd, Jón Ólafur Valdimarsson stýrir nefndinni.
Þingforseti biður þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.

3. Enginn liður er nr. 3 í dagskránni og því fellur hann út.

4. Skýrsla síðasta starfsárs

Jason Ívarsson formaður BLÍ flytur skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að ársskýrslan gefi glögga mynd af starfi sambandsins síðasta starfsárs. Hann þakkar öllum þeim sem komu að gerð skýrslunnar, sérstaklega Sævari Má Guðmundssyni, framkvæmdastjóra BLÍ. Alls voru 10 stjórnarfundir haldnir á starfsárinu og að auki voru minniháttarmál afgreidd í tölvbréfum og með símtölum.

Í fyrsta sinn í langan tíma fengust styrktaraðilar á deildakeppni og bikarkeppni. Forsvarsmönnum fyrirtækjanna, Guðmundi Helga Þorsteinssonar hjá Munum & Merkingu og Birni Guðbjörnssyni og Arngrími Þorgrímssyni hjá Betra gripi voru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið. Miklar líkur eru á framhaldi samstarfsins á næsta keppnistímabili. Starf sambandsins heldur áfram að aukast að umfangi. Aldrei hafa fleiri lið keppt í deildar- og bikarkeppni. Allt mótahald gekk vel. Aukin þátttaka í mótum yngri flokka er ánægjuleg. Fjölmíðlaumfjöllun um blakið er heldur að aukast. Landsliðin stóðu sig vel á síðasta tímabili. Þrátt fyrir efnahagsþrengingar þá hefur tekist að lækka skuldir sambandsins. Nýafstaðið öldungamót í Mosfellsbæ tókst með ágætum. Að lokum þakkaði formaður öllum þeim sem unnu að framgangi blaksins á síðasta starfsári. Sérstakar þakkir fengu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri.

5. Reikningar síðasta starfsárs

Aðalheiður Sigursveinsdóttir gjaldkeri BLÍ fer yfir reikninga ársins og talar um meiri

sundurgreiningu á næstu árum. Árið hafi komið þokkalega út og er BLÍ að lækka skuldir og má reikna með að það taki um tvö til þrjú ár að komast á núllið.

Þingforseti opnar nú fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Ingibjörg Gunnarsdóttir spyr gjaldkera um hvort búið sé að taka inn þá styrki sem landsliðmenn öfluðu sjálfir.

Aðalheiður svarar því játandi úr sæti.

Hildur Mósésdóttir vill fá útskýringar á hækkun vegna uppskeruhátíðar, spurning um kostnað sem ekki var áður og fyrningar.

Aðalheiður svarar að þetta sé hluti af þátttöku í kostnaði vegna húss undir uppskeruhátíðina. Varðandi viðskiptakröfurnar – smáþjóðaleikar sköpuðu okkur skuld hjá ÍSÍ upp á 900 þúsund. Á móti koma ógreidd þátttökugjöld félaganna, sem er töluvert há upphæð um áramót – ógreiddir reikningar um áramót sem eru ennþá vegna bikarkeppninnar. Jafnframt er boltasalan þarna inni. Gerir grein fyrir því að KEA styrkurinn við blakdeild KA er enn í farvegi hjá sambandinu.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og reikninga.

Næst gerði Svala Vignisdóttir grein fyrir starfi kjörbréfanefndar.

7 kjörbréf hafa borist – samtals 52 atkvæði af 68

HSV – 4 atkvæði – Þorgerður Karlsdóttir 3 atkvæði mætt.

HSK – 6 atkvæði – Gunnhildur Hinriksdóttir, Jón Ólafur Valdimarsson, Jason Ívarsson, María Rósa Einarsdóttir, Óskar Hauksson 5 atkvæði mætt.

ÍBR – 11 atkvæði – Hildur Mósésdóttir, Lilja M. Hreiðars, Helgi Einarsson, Guðmundur Jónsson, Agla Sigríður Björnsdóttir, Hreggviður Norðdahl, Sigurlaugur Ingólfsson, Sævar Már Guðmundsson, 8 atkvæði mætt.

UMSK – 15 atkvæði – Arnar Smári Þorvarðarson, Svala Vignisdóttir, Mundína Kristinsdóttir, Brynja M. Ólafsdóttir, Inga Lilly Brynjólfssdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Gunnhildur Sveinsdóttir, Zdravko Demirev, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Ásta Sigrún Gylfadóttir 10 atkvæði mætt

ÍBA – 6 atkvæði – Gunnar Þ. Garðarsson, fer með 3 atkvæði.

ÚÍA – 8 atkvæði – Miglena Apostolova, fer með 3 atkvæði.

HSH – Viðar Gylfason, fer með 3 atkvæði.

Samtals mættir þingfulltrúa: 28 þingfulltrúar á þing sem fara með 35 atkvæði.

Þingforseti telur að þingið sé löglegt og hægt er að bera upp reikninga síðasta árs.

Reikningar bornir upp og samþykktir einróma.

6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ. Hún forfallaðist á síðustu stundu og

Jason flytur kveðjur framkvæmdastjórnar og forseta ÍSí.

7. Ávarp annarra boðsgesta

Enginn talaði undir þessum lið.

8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Aðalheiður Sigursveinsdóttir fer yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Hún vonast til að fá gagnlegar umræður í fjárhagsnefndinni. Áætlunin er svipuð – takmarkið er að greiða niður helming af skuldum á næsta ári.

Ingibjörg Gunnarsdóttir varpaði fram hugmyndum um nýjar tekjuleiðir. Fyrir félög sem eru með marga landsliðsmenn þá er komin viss samkeppni við félögin.

Hildur Mósedóttir þakkaði gjaldkeranum fyrir góð störf og að kynna hvert verkefni fyrir sig. Hún vildi að BLÍ myndi sækja tekjur til þeirra aðila sem væru aflögufærir svo sem í ferðaiðnaðinum og sjávarútveginum.

Ingibjörg Gunnarsdóttir sagði að BLÍ gæti haldið mót til fráröflunar og aukið þannig tekjurnar.

Aðalheiður Sigursveinsdóttir svarar spurningum. Þakkar fyrirspurnir. Varðandi styrkina, það eru nýjar tekjur vegna Mikasadeildarinnar, fengjum ágætan hagnað vegna boltasölu og erum með styrktarsamning vegna bikarsins, auk þess náðum við meiri tekjum vegna bikarsins. Einnig erum við með styrktarsamning við Símann.

Varðandi landsliðsmálin – þeir styrkir sem leikmenn eru að sækja hefa ekki komið á móti þeim kostnaði sem BLÍ er að greiða. BLÍ, landsliðsnefnd og/eða hópur í kringum landsliðin þarf að vinna vel í kringum liðin og fjáröflun. Við þurfum svo sannarlega á meiri peningum að halda.

Tekjuafgangur fer fyrst og fremst í að borga niður skuldirnar.

Þingforseti merkir fjárhagsáætlun 2010 Þingskjal nr. 1.

9. Laga- og leikreglnabreytingar

Þingforseti – óskar eftir þingmeirihluta til að taka til afgreiðslu tillögu um útbreiðslusjóð og nýtt stigakerfi, það er samþykkt.

Sævar Már Guðmundsson formaður mótanefndar kynnir tillögu um Íslandsmót og deildakeppni.

Svala Vignisdóttir kynnir nýja reglugerð um öldungamót BLÍ.

10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Aðalheiður leggur fram tillögu um stofnun útbreiðslusjóð – óska eftir því að tillögunni verði vísað til fjárhagsnefndar. Í þessari tillögu er útbreiðslustarf túlkað frekar vítt, þ.e. að útbreiðslan sé ekki endilega yngriflokkamál. Þá sé nauðsynlegt að stofna slíkan sjóð. Við þurfum líka að hafa sjóði innan BLÍ – og ekki bara til yngriflokka. Stjórn sjóðsins skipi gjaldkeri BLÍ, formaður, fulltrúar frá yngriflokkanefnd og strandblaki auk tveggja fulltrúa kjörnum á ársþingi BLÍ. Beiðnir um styrki skulu vera skriflegar og svör einnig skrifleg. Þessi sjóður er ekki ætlaður að vera styrktarsjóður til einstaklinga heldur félaga.

Miglæna tekur til máls um tillögu um breytt stigakerfi: Hún segir málið nokkuð ljóst eins og fram kemur í tillögunni. Í kvennadeildinni voru sjö lið í vetur og mörg þessara liða höfðu unga leikmenn. Að hennar mati fólst ekki nógu mikil hvatning fyrir unga

leikmenn í því að spila marga leiki sem enduðu 3-2 án þess að fá nokkuð fyrir það, því vill hún breyta núverandi stigagjöf.

11. Umræður um framkomin mál og tillögur

Deildakeppni og úrslitakeppni:

Jason Ívarsson, biður þingfulltrúa að lesa texta vel og vandlega svo þeim séu reglurnar kunnar þegar þær koma til framkvæmda.

Hildur Mósésdóttir – spyr um atriði í grein 2 sem fjallar um þátttöku fleiri en eins liðs frá sama félagi.

Sævar Már Guðmundsson skýrði málið.

Málinu vísað til nefndar og merkt þingskjal 2.

Reglugerð um öldungamót:

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls. Vill fá ástæðu fyrir því að athugasemdir frá henni við reglugerð öldungamóts hafa ekki verið teknar til greina, í tvígang.

Þingforseti segir að það hafi komið ábending um það að það vanti tímaramma um framlagningu mála inn á öldungabing.

Hildur Mósésdóttir vill vita hvort umræða hafi komið varðandi stigagjöfina. Af hverju hækka kærugjöld.

Stefán Jóhannesson ræðir um reglugerð um öldungamót. Fer yfir aðdraganda málsins og fer yfir ástæðu þess að reglugerðin rati inn á ársþingið BLÍ.

Hreggviður Norðdahl tekur til máls um reglugerðina.

Málinu vísað til nefndar og merkt þingskjal 3

Stofnun útbreiðslusjóðs:

Guðrún Kristín Einarsdóttir hrósar Aðalheiði gjaldkera BLÍ fyrir vel unnin störf. Bendir á að hún sem formaður YFN BLÍ og vilji fá það skilgreint að þessi sjóður sé til handa yngriflokkum. Mikilvægt er að skila skýrslu um notkun styrks.

Lilja Margrét Hreiðarsdóttir segir margar tillögur góðar og gildar en bendir á að félög verða að hafa lið í meistaraflokki, og helst lið í efstu deild og setur þann varnagla á að hafa sjóðinn bara fyrir yngriflokka.

Þingforseti – vísar þessu máli til nefndar og merkt sem þingskjal 4.

Tillaga um breytingu á stigatalningu í blaki:

Gunnar Þ. Garðarsson sagði að sér hugnaðist þessi tillaga vel.

Ingibjörg Gunnarsdóttir spyr hvað varð til þess að stigagjöfinni var breytt á síðasta þingi.

Zdravko Demirev segist ekki vilja sjá þetta kerfi, heldur að hafa 3 stig á sigurlið alltaf og 1 stig á taplið ef það tapar í oddahrinu.

Stefán Jóhannesson segir að árið 1992 hafi verið tekin upp sú regla að gefa stig fyrir unna hrinu. Það var við lýði þangað til í fyrra. Tillagan frá Miglenu lendir þarna á milli. Miglena Apostolova svarar fyrir sig. Við erum að reyna að fá fleiri lið í efstu deild. Við erum að stofna fleiri deildir. Það er slæmt fyrir lið eins og Stjörnuna í kvennaflokki, það lið vann ekki leik en tapaði oft 3-2.

Jason Ívarsson ræðir lítillga um tillöguna og benti á rökstuðning frá þingi í fyrra þar sem þjálfarar lögðu áherslu á þessa breytingu.

Brynja M. Ólafsdóttir segir frá sinni reynslu og þeirri staðreynd að líklega hefði hennar

lið verið ofar í töflunni í vetur miðað við framkomna tillögu.

Aðalheiður Sigursveinsdóttir fagnar þessari tillögu og finnst hún góð. Hún vill að sigurlið fái alltaf 3 stig og taplið 1 stig ef það vinnur tvær hrinur. Hún var ein af þeim sem samþykkti breytingu á stigagjöfinni á síðasta þingi.

Tillögunni var vísað til nefndar og merkt þingskjal nr. 5

Þingforseti fer yfir þingskjölin og vísar þeim til nefnda.

Þingskjal nr. 1 – fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 2 – allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 3 – Allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 4 – Fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 5 - Allsherjarnefnd

Jason Ívarsson leggur til að ársþing BLÍ samþykki þinggerð öldungamótanna eins og hún liggur fyrir, þar kemur vilji öldunganna fram. Þinggerðin samþykkt einróma.

Þinghlé – Hádegisverður kl.13.00

12. Nefndarstörf – hefjast kl. 13.30

13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Þingforseti kallar eftir álitum nefnda klukkan 14.30.

Formaður Allsherjarnefndar tekur til máls: Stefán Jóhannesson

Tókum fyrir þingskjal 2, 3 og 5. Í nefndinni voru miklar málefnalegar og góðar umræður. Þó var erfitt að ná fram niðurstöðum í ákveðnum málum

Þingskjal nr. 2

Þessi reglugerð er um margt ágæt og vildi allsherjarnefnd að stjórn BLÍ og mótanefnd ræði betur og gangi vel frá fyrir næsta tímabil.

Nefndin er sammála því að breyta þarf fyrirkomulagi á úrslitakeppninni hjá konunum en þegar tvö lið eru eftir leggst nefndin gegn því að leiknir séu þrír unnir leikir, aðallega vegna kostnaðar sem hlýst af því að spila svona marga leiki.

Annað atriði sem fékk mjög mikla umfjöllun er að sama félagið sendi mörg lið til keppni. Það skapast ýmis vandamál. Það komu fram sjónarmið sem varða ímynd íþróttarinnar sem við þurfum að verja. Í efstu deildum sé aðeins 1 lið og ekki B lið félaga í efstu deild. Þegar kemur í neðri deildirnar er minni áhersla á þetta.

Meginatriðið er að passa upp á nafnalista og gefa út leikheimildir og liðin skulu virða það. Orðalag í 2. grein sem þarf að vinna betur og vísað til stjórnar og mótanefndar.

Lagt til að það komi inn hér nýr liður sem fjallar um það að leikmenn yngriflokka megi leika í hvaða deild sem er og í öllum deildum. Markmiðið með þessu er að efla okkar yngri leikmenn.

Skilaboð um framkvæmd heimaleikja þarf að skýra aðeins betur, forma verklagsreglur við framkvæmd heimaleikja.

Þingforseti; nefndin gerir það að tillögu sinni að vísa þingskjali til nefndar. Heimilar þó umræðu um málið sé það þeim mjög hugleikið.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls og segir frá því að YFN hafi fundist að aðeins

sé tekið frá og með 3. flokkinn í þessum ákvæðum allsherjarnefndar. Leggur það til að yngriflokkaleikmaður skilgreinist sem 3. flokks leikmaður inn til stjórnar. Arnar Smári Þorvarðarson, Stjarnan – vil sjá annan flokkinn inni – rekur mál þeirra í Stjórnunni um að leikmaður 2. flokks hefði aðeins leikið um 10 mín samtals í 1. deild og hafi alltaf verið ólöglegur í 2. deildinni vegna þessa. Þingskjal 2 vísað til stjórnar BLÍ – Samp. einróma.

Þingskjal nr. 3

Reglugerð um öldungamót BLÍ. Þetta fékk umræðu í nefndinni og almennt nokkuð jákvæðar undirtektir. Nefndin er sammála því að reglugerðin verði nánast óbreytt. Lagt til að verði bætt við d) lið aftast sem lítur að fyrirvara um að mál þurfi að berast öldungi í tæka tíð. Vísað í reglur BLÍ um þetta atriði en til að taka öll mál sem taka á fyrir á öldungapingi skulu þau hafa borist öldungi 21 degi fyrir mót. Það er settur þessi fyrirvari að mál sem eiga að vera til umræðu á þinginu skuli hafa borist þinginu til kynningar.

Þingforseti: Nefndin gerir eina breytingatillögu – fyrirvari á því að mál skuli vera tekin upp á Öldungapingi. Tillagan borin upp og samp. einróma.

Þingforseti: Reglugerðardrög borin upp og samp. einróma.

Þingskjal nr. 5

Stigakerfið fékk heilmikla umræðu og það var ekki mikil samstaða meðal nefndarmanna. Það kom fram málamiðlunartillaga sem flestir sættust á. Tillagan gengur út á að gangast við kerfi FIVB. Sigur gefur 2 og tap 1 stig. Tillagan frá nefndinni er komin svona: Hver leikur gefur 3 stig. Sigurliðið í leiknum fær 2 stig og tapliðið 1 stig.

Þingforseti: Allsherjarnefnd leggur þessa tillögu fram – Þeir sem eru fylgjandi 20 atkvæði. Þeir sem eru á móti 10 atkv. Tillagan er samþykkt með 20 atkv. gegn 10.

Fjárhagsnefnd – Aðalheiður Sigursveinsdóttir tekur til máls.

Þingskjal 1 var samþykkt í nefndinni óbreytt

Þessi hópur var afar vel mannaður og gott samstarf og samvinnuvilji. Aðeins var rætt um skuldastöðu sambandsins og lögð áhersla á að gjaldkeri færi að semja upp á nýtt við lánadrottna sambandsins.

Farið var yfir tillögu um stofnun Útbreiðslusjóðs BLÍ og voru skiptar skoðanir um sjóðinn en kom fram ánægja með tillögunni almennt. Niðurstaða hópsins var sú að stofna tvo sjóði. Annars vegar að stofna Útbreiðslusjóð BLÍ. Sjóðurinn nýtti útbreiðslustyrk ÍSÍ auk annarra styrkja fyrirtækja og einstaklinga. Hinn sjóðurinn nefndist Styrktarsjóður yngriflokka BLÍ og tekjurnar úr öldungamótinu færu í þann sjóð.

Nefndin lauk við reglugerð fyrir báða sjóðina sem er sett fram hér í viðauka sem tillögur.

Varðandi málefni yngriflokka fór ákveðin umræða í gang í nefndinni. Málefnið hefur ekki verið í nógu góðum farvegi en það var ákveðið að fjármál yngriflokka verði aðskilinn.

Þingforseti - Þingskjal 1 – samþykkt einróma

Mælendaskrá er nú opin fyrir umræðu um róttæka breytingu á þingskjali 4.

Stefán kveður sér hljóðs. Þetta mál hefur ekki verið rætt í stjórn BLÍ. Það verða ekki til

neinir nýir peningar. Það er verið að ráðstafa tekjupóstum sambandsins til framtíðar. Eitthvað af þessum verkefnum falli undir þennan málaflokk. Hann ítrekar að þetta sé góð hugmynd en valdstjórnin fer á sjóðsstjórnina.

Guðrún Kristín Einarsdóttir segir að nú stefni í að gömul hugmynd verði loks að veruleika. Hún segist skilja áhyggjur Stefáns, en yngriflokkalandsliðin eiga að geta sótt í þennan sjóð. Hún styður þessa tillögu.

Gunnar Þ. Garðarson – er sammála áhyggjum Stefáns, en hann treystir samt að gjaldkerinn hafi séð til þess að tillagan væri vel hugsuð.

Hreggviður Norðdahl segir að það fé sem kemur úr öldungamótinu sé skrifað á yngriflokkana í reglugerð. Hann bendir einnig á annmarka á orðalagi tillögunnar sem þurfi að sníða af áður en þetta verður að opinberum formlegum pappír frá BLÍ.

Aðalheiður Sigursveinsdóttir segir það mikilvægt að klára þetta mál á þinginu, í rökstuðningi sínum vísaði hún í ársskýrslu BLÍ frá 2007 þar sem Sigurður Arnar var með svipaðar hugmyndir. Hún gerði sér grein fyrir því að það þarf að gera betri grein fyrir hinum ýmsu málaflokkum í reikningum sambandsins en hingað til hefur verið gert. Hún segir að stjórnir þessara sjóða eigi að skipa sér starfsreglur/úthlutunarreglur sem stjórn BLÍ þurfi að samþykkja. Hún óskar eftir því að þingið samþykki þessa tillögu.

Jason Ívarsson segist geta verið sammála nefndinni og líka þeim Stefáni og Gunnari. Auðvitað hafa komið peningar inn í starf sambandsins frá útbreiðslusjóði og öldungunum. Þeir hafa verið greiddir út eftir þörfum og eftir verkefnum. Þarna er verið að taka peninga úr höndum stjórnar BLÍ. Hann vildi koma þeirri viðbót inn í textann að reglurnar yrðu endurskoðaðar að ári.

Borin er upp breytingartillaga við tillögu um Útbreiðslusjóð – gerð er tillaga um það að reglur þessar skuli endurskoða að ári liðnu.

Borið upp og samþykkt samhljóða

Tillagan um Útbreiðslusjóð BLÍ borin upp og samþykkt samhljóða. Þingskjal merkt 4a. Borið upp um Styrktarsjóð yngriflokka BLÍ að reglur þessar skal endurskoða að ári liðnu.

Tillagan um Styrktarsjóð yngriflokka BLÍ borin upp í heild sinni og samþykkt einróma. Þingskjal merkt 4b.

14. Ákveðið gjald ævifélaga

Jason tekur til máls – það er lagt til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000

Samþykkt einróma

15. Önnur mál

Mælendaskrá opnuð –

Jason Ívarsson segir BLÍ eiga víða velgjörðarmenn, hér á landi sem og annarsstaðar. Einn af þeim er Guðmundur Helgi Þorsteinsson framkvæmdastjóri Mikasaumboðsins á Íslandi. Hann hefur ákveðið að gefa þeim félögum sem eru með krakkablað og eiga fulltrúa á ársþinginu krakkablaðbolta. Félögin sem fá bolta að gjöf frá Mikasa umboðinu eru: Dímon, KA, HK, Þr.N, Þr.R, Afturelding, Fylkir, Stjarnan, Víkingur/Reynir og Skellur. Jason afhenti fulltrúum félaganna gjöfina.

Guðrún Kristín Einarsdóttir vildi áréttta það sem kemur fram í skýrslu Yngriflokkaneftndar um að ákveðið hefur verið að blása til stórsóknar fyrstu helgina í september. Þá hefur verið ákveðið að vera með þjálfararáðstefnu og afreksbúðir fyrir ungt blakfólk. Ráðstefnan er fyrir krakkablak og venjulegt blak. efra ár í fjórða flokki og allur þriðji flokkurinn. Bréf verður sent til þjálfara í félögunum þar sem þeir verða beðnir um að tilnefna krakka úr sínu liði til þess að taka þátt í búðunum. Þátttöku þarf að skila fyrir 21. júní.

Gunnar Þ. Garðarsson vill þakka fyrir ágætis þing auk þess að bera þingheimi kveðju Sigurðar Arnars frá Noregi. Gunnar varpaði fram þeirri hugmynd að félögin sem spila í efstu deildinni ættu að koma á fundum á milli formanna þessara félaga. Honum fannst rétt að auka tekjur BLÍ með því að fjölga ævifélögum.

16. Kosningar;

Jón Ólafur Valdimarsson tekur til máls sem formaður uppstillingarneftndar:

Þrjú framboð bárust um tvö sæti í stjórn BLÍ til næstu tveggja ára og því þarf að kjósa. Kosningu hlutu: Stefán Jóhannesson 30 atkvæði og Kristján Geir Guðmundsson 22 atkvæði. Lilja Margrét Hreiðarsdóttir hlaut 10 atkvæði

Fjögur framboð bárust um þrjú sæti í varastjórn BLÍ til eins árs og því þurfti að kjósa. Kosningu hlutu: Hreggviður Norðdahl, 26 atkvæði, Óskar Hauksson 25 atkvæði og Valdimar Hafsteinsson 25 atkvæði. Lilja Margrét Hreiðarsdóttir hlaut 19 atkvæði.

Hjörtur Halldórsson og Aðalsteinn Einar Eymundsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Þingforseti óskar eftir framboði í stjórnarsetu í útbreiðslusjóði og yngriflokkasjóði.

Enginn bauð sig fram og var því vísað til stjórnar BLÍ að skipa í stjórnir sjóðanna. Þingforseti þakkar þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

17. Þingslit

Jason Ívarsson formaður BLÍ þakkaði þingfulltrúum fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf um leið og hann bauð nýja velkomna til starfa. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimkomu. Svo sagði hann 38. ársþingi BLÍ slitið.

Þingi slitið klukkan 16.05.

Sævar Már Guðmundsson, þingritari.

Hreggviður Norðdahl, þingforseti.

FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSINS 2010

| | skýr | 2010 | 2009 | 2008 |
|--|------|-------------------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur | | | | |
| Framlög og styrkir..... | 1 | 17.000.000 | 16.601.498 | 16.079.421 |
| Mótatekjur..... | 2 | 5.200.000 | 4.327.489 | 6.578.622 |
| Aðrar tekjur..... | 3 | 1.500.000 | 1.737.998 | 840.971 |
| | | <u>23.700.000</u> | <u>22.666.985</u> | <u>23.499.014</u> |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Yfirstjórn..... | 4 | 3.500.000 | 4.829.558 | 5.956.418 |
| Íþróttaleg viðskipti..... | 5 | 17.000.000 | 13.977.213 | 15.567.195 |
| Kynning og fræðsla..... | 6 | 750.000 | 1.281.495 | 866.218 |
| Önnur gjöld..... | 7 | 500.000 | 634.777 | 149.431 |
| Afskriftir..... | 8 | 250.000 | 250.000 | 415.000 |
| | | <u>22.000.000</u> | <u>20.973.043</u> | <u>22.954.262</u> |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 1.700.000 | 1.693.942 | 544.752 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | | |
| Vaxtatekjur..... | 9 | 20.000 | 20.270 | 19.362 |
| Vaxtagjöld..... | 10 | (500.000) | (1.093.479) | (1.214.789) |
| | | <u>(480.000)</u> | <u>(1.073.209)</u> | <u>(1.195.427)</u> |
| Hagnaður (tap) ársins | | <u>1.220.000</u> | <u>620.733</u> | <u>(650.675)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | skýr | 2009 | 2008 |
|-----------------------------------|------|------------------|------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir..... | 11 | 98.870 | 98.870 |
| Blakdúkur..... | 12 | 1.250.000 | 1.500.000 |
| <i>Fastafjármunir samtals</i> | | <u>1.348.870</u> | <u>1.598.870</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur..... | 13 | 1.200.000 | 1.161.290 |
| Handbært fé | 14 | 50.000 | 31.159 |
| <i>Veltufjármunir samtals</i> | | <u>1.250.000</u> | <u>1.192.449</u> |
| Eignir samtals | | <u>2.598.870</u> | <u>2.791.319</u> |
| | | <u>2.598.870</u> | <u>2.791.319</u> |
| | | <u>2.598.870</u> | <u>2.791.319</u> |

Efnahagsreikningur áætlun 2010

| | skýr | 2010 | 2009 | 2008 |
|--|------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Eigið fé og skuldir | | | | |
| Eigið fé | | | | |
| Ójafnað tap..... | 15 | <u>(1.634.222)</u> | <u>(2.854.222)</u> | <u>(3.474.955)</u> |
| <i>Eigið fé samtals</i> | | (1.634.222) | (2.854.222) | (3.474.955) |
| Skammtímaskuldir | | | | |
| Yfirdráttur bankareikninga..... | 16 | 2.500.000 | 3.084.472 | 3.353.518 |
| Kreditkort..... | 17 | 1.500.000 | 2.074.425 | 2.029.292 |
| Ógreiddur kostnaður..... | 18 | 250.000 | 443.492 | 2.328.557 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | 19 | <u>50.000</u> | <u>43.152</u> | <u>222</u> |
| <i>Skuldir samtals</i> | | 4.300.000 | 5.645.541 | 7.711.589 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | | | |
| | | <u>2.665.778</u> | <u>2.791.319</u> | <u>4.236.634</u> |

Tillaga um breytingu á reglugerð fyrir deildarkeppni og úrslitakeppni BLÍ

Flutningsaðili: Mótanefnd BLÍ.

Reglugerð fyrir deildakeppni og Íslandsmót BLÍ í meistaraflokkum karla og kvenna

1. gr.

Leikið skal í þremur deildum, 1., 2. og 3. deild

2. gr.

Í fyrstu deild skal leikin tvöföld umferð til deildarmeistaratitils. Deildin skal að lágmarki hafa 7 lið. Að deildarkeppninni lokinni skal leikið úrslitakeppni fjögurra efstu liða þar sem liðið í efsta sæti mætir liðinu í 4. sæti og liðið í 2. sæti mætir liðinu í 3. sæti. Leikið skal upp á tvo unna leiki og gildir heimaleikjaréttur. Sigurvegarar leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn þar sem vinna þarf þrjú leiki. Þrjú neðstu liðin í deildinni leika tvöfalda umferð heima og heiman, og neðsta liðið fellur niður í 2. deild. Aðeins er heimilt að hafa 1 lið frá hverju félagi í 1. deild en B liðum er heimiluð þátttaka í 2. deild og B eða C liðum heimiluð þátttaka í 3. deild.

Í 2. deild Íslandsmótsins skal leikið í riðlum á landsvísu. Í riðlunum skal að hámarki vera 7 lið og leikin er tvöföld umferð, heima og heiman. Þó er mótanefnd heimilt að heimila öðruvísi mótahald fyrir austan og norðan. Öll lið greiða þátttökugjald til BLÍ. Í úrslitakeppni 2. deildar er leikið til úrslita milli efstu liðanna í riðlunum.

Í 3. deild Íslandsmótsins skal leikið í riðlum eftir landshlutum. Riðlarnir skulu leiknir á tveimur dögum fyrir áramót og tveimur dögum eftir áramót. Mótanefnd er þó heimilt að hafa mótshaldið öðruvísi ef þess þarf. Hver riðill má ekki hafa fleiri en 7 lið en leikið skal upp á tvær unnar hrinur. Úrslitakeppni er haldin þar sem tvö efstu liðin í hverjum riðli spila til úrslita í einfaldri umferð og önnur lið keppa um sætin þar fyrir neðan í riðlum.

3. gr.

Rétt til þátttöku í 1. deild karla og kvenna eiga þau lið sem þar léku síðasta keppnistímabil og féllu ekki í 2. deild. Að keppnistímabili loknu fellur neðsta liðið úr 1. deild og efsta lið 2. deildar fer upp í 1. deild. Á þetta einnig við um keppni milli 2. og 3. deildar.

4. gr.

Heimilt er að selja nafn deilda.

5. gr.

Hrinuhlutfall ræður röð liða ef tvö eða fleiri eru með jafn mörg stig í deildakeppninni. Ef þetta dugar ekki ræður stigaskor röð liða og því næst hlutkesti. Hrinuhlutfall skal fundið út með því að deila unnum hrinum með töpuðum hrinum. Skoruhlutfall skal fundið út með því að deila skorudum stigum með töpuðum stigum.

6. gr.

B liðum félaga er heimiluð þátttaka í 2. deild og B eða C liðum heimilað þátttaka í 3. deild. 7 leikjahæstu leikmenn A liða mega ekki leika með B liðum. 7 leikjahæstu leikmenn B liða mega ekki leika með C liðum og leikmenn A liða mega ekki leika með C liðum. Við talningu leikja er miðað við það að leikmaður sé í byrjunarliði eða komi inn á í leik.

10. gr.

Fyrir hvern unninn leik í deildarkeppni 1., 2. og 3. deildar fær sigurliðið 2 stig og tapliðið 0 stig.

Ákvæði frá dómara nefnd.

Til að öðlast þátttökurétt í deildakeppni karla og kvenna þarf lið að tilnefna 2 virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í neðri deildum (2. og 3. deild) skulu tilnefna a.m.k. 1 virkan dómara. Skal tilkynna til dómara nefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðru kosti þarf að halda dómara námskeið fyrir félagið.

Dómara nefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómara nefnd skal a.m.k. halda eitt dómara námskeið á ári.

Útvegi lið ekki þá dómara sem þingsamþykkt segir til um á keppnistímabilinu skal liðið sektað um **kr. 20. 000** fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

Því liði sem á heimaleik ber skylda til að hafa samband við þá dómara sem dæma eiga þremur dögum áður en leikur fer fram. Ef dómari getur ekki dæmt ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í 1. deild karla. Aðaldómari ber ábyrgð á því að leikskýrsla berist til skrifstofu BLÍ og skal sjá til þess að hún berist í síðasta lagi innan þriggja daga.

Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

Verði heimalið til þess að leik seinki eða framkvæmd hans misfarist skal dómari gera um það athugasemd í leikskýrslu og skal BLÍ sekta viðkomandi lið um kr. 10.000.-

Undir þetta fellur eftirfarandi:

1. Net skal vera uppsett og frágengið 25. mín. fyrir leik
2. Netspírur, net og stigatöflur skulu vera í lagi og skv. reglum þar að lútandi. Leikklokku skal nota í efstu deild með virku bjöllumljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé og tæknileikhlé.
3. Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 15 mínútur fyrir leik. Athygli er vakin á því að stigaritun og ritun leikskýrslu má helst ekki vera innt af hendi af sama aðila. Mælt er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það ráði við verkið.
4. Þrír keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 5 mínútum fyrir leik.
5. Tónlist skal vera til staðar um leið og leikvöllur er laus til undirbúnings leiks.
6. Eftir leik skal hringja inn úrslit á fjölmiðla og skrá úrslitin í úrslitabók íþróttahússins og koma þeim í tölvupósti til BLÍ og fjölmiðla. Fréttamenn hringja oft í íþróttahúsin nokkru eftir að leik er lokið og allir eru farnir.
7. Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælt er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna, slíkt er líklegt til að tryggja samkvæmni. 8. Skiptisþjöld skulu vera til staðar hjá heimaliði.

Heimild til mótanefndar

Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar.

Greinargerð:

Nokkur óánægja virtist koma upp í vetur, sérstaklega vegna fyrirkomulags úrslitakeppninnar hjá konunum. Í ljósi þess er því varpað fram að fara aftur í venjulega úrslitakeppni hjá þeim en þó með því að stækka keppnina, hafa þrjá unna leiki í úrslitunum sjálfum. Áfram yrði þessi slagur um botnsætið milli 5.-7. sætis enda sú keppni varð mjög spennandi og skemmtileg í vetur.

Áfram verður leikið í 7 liða deild og reynt allt til þess að stækka karladeildina. Ef það gengur ekki verða áfram fjögur lið í fjórfaldri umferð. Sama fyrirkomulag verður haft þar á, þar sem aðeins var leikinn 1 leikur á Akureyri á sömu helgi en KA liðið lék við sitthvort liðið á helgum fyrir sunnan.

Úrslitakeppni meistaraflokka er keppni sem er háð á 2-3 vikum. Um er að ræða leiki með minnst 1 dag á milli til hvíldar. Fari svo að landsbyggðarlið komist í úrslitin sjálf þar sem leikið yrði upp í 3 unna leiki myndi Mótanefnd hafa heimild til að spila tvo leiki heima, dag eftir dag, til að spara ferðakostnað.

Þingafgreiðsla:

Þessi reglugerð er um margt ágæt og vildi allsherjarnefnd að stjórn BLÍ og mótanefnd ræði betur og gangi vel frá fyrir næsta tímabil.

Skilaboð frá nefndinni: Sammála því að breyta þarf fyrirkomulagi á úrslitakeppninni hjá konunum en þegar tvö lið eru eftir leggst nefndin gegn því að leiknir séu þrír unnir leikir, aðallega vegna kostnaðar sem hlýst af því að spila svona marga leiki. Annað atriði sem fékk mjög mikla umfjöllun er að sama félagið sendi mörg lið til keppni. Það skapast ýmis vandamál. Það komu fram sjónarmið sem varða ímynd íþróttarinnar sem við þurfum að verja. Í efstu deildum sé aðeins 1 lið og ekki B lið félaga í efstu deild. Þegar kemur í neðri deildirnar er minni áhersla á þetta. Meginatriðið er að passa upp á nafnalista og gefa út leikheimildir og liðin skulu virða það. Orðalag í 2. grein sem þarf að vinna betur og vísað til stjórnar og mótanefndar. Lagt til að það komi inn hér nýr liður sem fjallar um það að leikmenn yngriflokka megi leika í hvaða deild sem er og í öllum deildum. Markmiðið með þessu er að efla okkar yngri leikmenn. Að það komi inn ákvæði sem heimilar leikmönnum yngriflokka.

Skilaboð um framkvæmd heimaleikja þarf að skýra aðeins betur, forma verklagsreglur við framkvæmd heimaleikja.

Þingforseti; nefndin gerir það að tillögu sinni að vísa þingskjali til nefndar. Heimilar þó umræðu um málið sé það þeim mun alvarlegra.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tekur til máls og segir frá því að YFN hafi fundist að aðeins sé tekið frá og með 3. flokkinn í þessum ákvæðum allsherjarnefndar. Leggur það til að yngriflokkaleikmaður skilgreinist sem 3. flokks leikmaður inn til stjórnar.

Arnar Smári Þorvarðarson, Stjarnan – vil sjá annan flokkinn inni – rekur mál þeirra í Stjórnunni um að leikmaður 2. flokks hefði aðeins leikið um 10 mín samtals í 1. deild og hafi alltaf verið ólöglegur í 2. deildinni vegna þessa.

Þingskjali 2 vísað til stjórnar BLÍ – Samþ. einróma.

NÝ reglugerð.

Reglugerð um öldungamót BLÍ

Fyrsti kafli - Markmið og tilgangur

1. gr.

Mótið heitir öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda.

2. gr.

Þátttaka í öldungamóti BLÍ er heimil öllum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Vera skráður iðkandi í blaki hjá félagi innan ÍSÍ

b) Vera á keppnisárinu 30 ára eða eldri í öldungadeildum, 40 ára eða eldri í öðlingadeildum og 50 ára eða eldri í ljúflingadeildum.

c) Hver leikmaður leiki aðeins í einni deild og með einu liði. Öldungur getur gefið félagi leyfi til að færa liðsmann á milli deilda ef meiðsli koma upp í liði. Það gildir þó aðeins innan sama félags og aldrei úr efri deildum í neðri deildir.

d) Félagaskipti þarf ekki að tilkynna.

Annar kafli - Framkvæmd öldungamóta

3. gr.

Öldungur skipar tvo menn með sér í öldunganefnd, sem sér um framkvæmd mótsins hverju sinni og skal hlíta gildandi reglum.

4. gr.

Mótið skal haldið á þeim stað sem tilgreindur er í umsókn hverju sinni og eins nálægt 1. Maí og auðið er.

5. gr.

Keppt skal um farandgrip í öllum deildum. Auk þess skulu 3 efstu lið hvernar deildar hljóta verðlaun.

6. gr.

Keppt skal í deildum. Í hverri deild eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp að undanskyldum 1. og 2. deildum þar sem 1 lið færast á milli deilda. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

7. gr.

Hver leikur er uppá 2 unnar hrinur, leikið skv. svokallaðri „rally point“ stigagjöf. Leikið er uppí 25 stig nema í oddahrinu upp í 15 stig. Hrina endar í 25 eða 15 stigum þó svo að aðeins eitt stig skilji lið að. Lið fær 1 stig fyrir unna hrinu í stigakeppni mótsins. Séu lið jöfn að

stigum ræður hlutfall unninna og tapaðra hrina, sé það jafnt ræður skorhlutfall, það er unnin/töpuð stig. Sé skorhlutfall jafnt sker innbyrðis viðureign úr um röð. Nethæð í karladeildum er 2,35 m en í kvennadeildum 2,18 m. Í mótinu er leyfður svonefndur frelsingi. Að öðru leyti gilda leikreglur BLÍ um blakkeppnina sjálfa.

8. gr.

Þátttökutílykningar skal senda öldunganevnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganevnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við aldursreglur mótsins. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar leiknum 2 – 0 (25-0, 25-0).

9. gr.

Öldungaráð er skipað þremur síðustu öldungum, til vara koma næstu öldungur á undan í röð (fjórði síðasti, fimmti síðasta o.s.frv.). Síðasti öldungur er formaður öldungaráðs. Öldungaráð er öldunganevnd til ráðuneytis. Öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma varðandi starf öldunganevndar og framkvæmd öldungamóta, skal vísað til öldungaráðs og er úrskurður þess endanlegur. Skriflegum kærum skal skilað innan 30 mínútna eftir að viðkomandi leik lýkur og skal henni fylgja greiðsla kr. 5.000, sem endurgreiðist ef kærán er tekin til greina. Dómarar leiks geta staðfest móttöku kæru ef ekki næst í öldung eða mótshaldara.

Þriðji kafli – Öldungafing

10. gr.

Öldungafing skal haldið í tengslum við öldungamótið. Öldunganevndin skal sjá um framkvæmd þess. Miða skal við kvöld fyrsta heila keppnisdags, ef unnt er. Rétt til setu á öldungafingi hafa allir þátttakendur á öldungamótinu ár hvert. Hlutverk öldungafings er í samræmi við markmið og tilgang þeirra og dagskrá þingsins. Á öldungafingi fer hvert þátttökulið með 1 atkvæði.

- a) Að velja öldung næsta öldungamóts. Á öldungafingi ræður einfaldur meirihluti.
- b) Að ræða og gera tillögur til breytinga á reglugerð um öldungamót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ.
- c) Að fjalla um önnur mál sem þingfulltrúar óska að ræða.
- d) *Mál sem fjalla á um á þinginu skulu hafa borist öldungi 21 degi fyrir mót.(sett inn eftir ársþing 2010)*

11. gr.

Þar sem reglur þessar ná ekki til, þá skulu reglur BLÍ gilda.

12. gr.

Reglur þessar öðlast gildi frá og með samþykki þeirra á ársþingi BLÍ.

Öldungamót BLÍ.

Þátttökugjald á hvert lið til BLÍ vegna öldungamóts BLÍ skal vera kr. 7.500 árið 2010 og endurskoðað á ársþingi BLÍ annað hvert ár. Fjármunir þessir skulu eynamerktir uppbyggingar- og yngriflokkastarfi á vegum yngriflokkanevndar BLÍ og ráðstöfun þeirra birt á

sýnilegan hátt í ársskýrslu BLÍ ár hvert. Á móti skal BLÍ skipa 2 landsdómara til að hafa umsjón í samráði við mótshaldara með dómgæslu og niðurröðun dómara á öldungamótum BLÍ. Framkvæmdaraðili mótsins er ábyrgur fyrir því að úrslit séu send til BLÍ, eigi seinna en viku eftir að móti lýkur. Jafnframt skal BLÍ sjá til þess að skýrslur og úrslit öldungamóta birtist í ársskýrslu BLÍ hverju sinni.

Þingafgreiðsla – máli vísað til allsherjarnefndar. Góð umræða í nefndinni en vildi sjá d) lið í 10. grein þar sem segir um fyrirvara á málum sem lögð eru fyrir öldungaþing. Að mál skuli hafa borist öldungi 10 dögum fyrir mót. Breytingartillagan samþ. einróma. Reglugerðardrög borin upp í heild sinni og samþ. einróma.

Útbreiðslusjóður BLÍ

1. Nafn sjóðsins

- Sjóðurinn heitir Útbreiðslusjóður Blaksambands Íslands
- Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli samþykktar ársþings BLÍ 2010.
- Sjóðurinn er eign Blaksambands Íslands.

2. Markmið og verkefni sjóðsins

- Markmið sjóðsins er að styrkja félög og deildir við útbreiðslu blakíþróttarinnar á Íslandi.
- Styrkja útbreiðslu íþróttarinnar um allt land.
- Styðja við faglega þjálfun.

3. Úthlutun styrkja

- Úthlutanir úr sjóðnum skulu ákvarðast af meirihluta stjórnar sjóðsins á fundum hennar.
- Við úthlutun skal skoða og taka mið markmiðum sjóðsins.
- Styrkumsóknir skulu berast skriflega og skal þeim svarað skriflega eftir afgreiðslu þeirra.
- Styrkhafar skulu skila inn skriflegri skýrslu til stjórnar sjóðsins innan 6 mánaða frá úthlutun og gera grein fyrir því í hvað styrkurinn var nýttur. Skili viðkomandi félag ekki fullnægjandi skýrslu getur sjóðurinn farið fram á endurgreiðslu styrksins.
- Rétt til styrkja félög innan BLÍ.

4. Stjórn og rekstur

- Gjaldkeri BLÍ skal vera formaður stjórnar sjóðsins. Auk hans skulu sitja í stjórn fulltrúi frá frá strandblaksnefnd. Á þingi Blaksambandsins skal kosinn einn fulltrúi að auki.
- Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli ársþinga. Úr sjóðnum skal úthluta a.m.k. tvisvar á ári og skal sú úthlutun vera auglýst til allra félaga innan BLÍ með amk 2 vikna fyrirvara.
- Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag BLÍ.
- Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu BLÍ.

5. Tekjur og ávöxtun eigna

- Tekjur sjóðsins eru:
 - Sjóðurinn skal fá að lágmarki 1/3 af útbreiðslustyrk sem BLÍ fær frá ÍSÍ ár hvert.
 - Sjóðnum er heimilt að afla styrkja frá opinberum aðilum og einstaklingum.
 - Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- Eignir sjóðsins skulu varðveittar í bankainnstæðum.

6. Ársreikningur og endurskoðun

- Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum BLÍ.

7. Breytingar á reglugerðinni

- Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á ársþingi BLÍ.
- Endurskoða skal reglugerð þessa árlega á ársþingi BLÍ.

8. Nánari starfsreglur

- Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari.

9. Gildistaka

- Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Styrktarsjóður yngri flokka BLÍ

1. Nafn sjóðsins

- 1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður yngri flokka Blaksambands Íslands
- 1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli samþykktar ársþings BLÍ 2010.
- 1.3. Sjóðurinn er eign Blaksambands Íslands.

2. Markmið og verkefni sjóðsins

- 2.1. Markmið sjóðsins er að styrkja félög og deildir innan sambandsins við uppbyggingu og eflingu yngri flokkastarfs.
- 2.2. Markmið sjóðsins er að styrkja félög og deildir við útbreiðslu blakíþróttarinnar meðal barna og unglinga.
- 2.3. Styðja við faglega þjálfun barna og unglinga hér á landi.

3. Úthlutun styrkja

- 3.1. Úthlutunir úr sjóðnum skulu ákvarðast af meirihluta stjórnar sjóðsins á fundum hennar. Úthlutun úr sjóðnum skal vera a.m.k. tvisvar á ári.
- 3.2. Við úthlutun skal skoða og taka mið markmiðum sjóðsins.
- 3.2. Styrkumsóknir skulu berast skriflega og skal þeim svarað skriflega eftir afgreiðslu þeirra.
- 3.3. Rétt til styrkja félög innan BLÍ sem eru að byggja upp barna og unglिंगastarf.
- 3.4. Styrkhafar skulu skila inn skriflegri skýrslu til stjórnar sjóðsins innan 6 mánaða frá úthlutun og gera grein fyrir því í hvað styrkurinn var nýttur. Skili viðkomandi félag ekki fullnægjandi skýrslu getur sjóðurinn farið fram á endurgreiðslu styrksins.

4. Stjórn og rekstur

- 4.1. Gjaldkeri BLÍ skal vera formaður stjórnar sjóðsins. Auk hans skulu sitja í 2 fulltrúar úr stjórn yngri-flokkanevndar.
- 4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli ársþinga. Úr sjóðnum skal úthluta a.m.k. tvisvar á ári og skal sú úthlutun vera auglýst til allra félaga innan BLÍ með amk 2 vikna fyrirvara.
- 4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag BLÍ.
- 4.4. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- 4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu BLÍ.

5. Tekjur og ávöxtun eigna

- 5.1. Tekjur sjóðsins eru:
 - a) Tekjur af öldungamóti
 - c) Sjóðnum er heimilt að afla styrkja frá opinberum aðilum og einstaklingum.
 - b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.
- 5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í bankainnstæðum.

6. Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum BLÍ.

7. Breytingar á reglugerðinni

- 7.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á ársþingi BLÍ.
- 7.2. Endurskoða skal reglugerð þessa árlega á ársþingi BLÍ.

8. Nánari starfsreglur

- 8.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari.

9. Gildistaka

- 9.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Til 38. ársþings BLÍ

Reykjavík, 5. júní 2010.

Tillaga um breytingu á stigakerfi í blaki – breytingartillaga við tillögu sem liggur fyrir þinginu.

Hver leikur gefur 3 stig. Sigurliðið í leiknum fær 2 stig og tapliðið 1 stig.

Rökstuðningur frá nefnd:

Millilending eftir allnokkra umræðu í nefndinni. Svona er alþjóðlegt stigakerfi í blaki sem FIVB og CEV nota í sínum keppnum. Kerfið er að vissu leyti eins og við erum með nema að tapliðið fær alltaf stig.

Allsherjarnefnd

Afgreiðsla þings: Þingskjal 5

Stigakerfið fékk heilmikla umræðu og það var ekki mikil samstaða meðal nefndarmanna. Það kom fram málamiðlunartillaga sem flestir sættust á. Tillagan gengur út á að gangast við kerfi FIVB. Sigur gefur 2 og tap 1 stig.

tillagan frá nefndinni er komin svona: Hver leikur gefur 3 stig. Sigurliðið í leiknum fær 2 stig og tapliðið 1 stig.

Þingforseti: Allsherjarnefnd leggur þessa tillögu fram – Þeir sem eru fylgjandi 20 atkvæði. Þeir sem eru á móti 10 atkv. Tillagan er samþykkt með 20 atkv. gegn 10.